

**Sp.**

### **379. Nefndarálit**

um till. til þál. um verksmiðju til að hreinsa og herða sildarlýsi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og er á einu máli um, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða og að rétt sé, að ríkið reisi verksmiðju til að hreinsa og herða sildarlýsi, þegar ástæður leyfa. Hins vegar hafa nú horizt upplýsingar um, að sú rannsókn, er till. fer fram á að gerð sé, hefur þegar verið framkvæmd, m. a. af stjórn sildarverksmiðja ríkisins. Hefur framkvæmdarstjóri verksmiðjanna í för sinni til Bandaríkjanna nú á þessu ári útvegað tilboð í vélar til þess að hreinsa og herða sildarlýsi og ýmsar upplýsingar í því sambandi. Telur hann að þessu athuguðu, að rétt muni að fresta því að reisa slíka verksmiðju, annaðhvort þangað til markaður opnast aftur fyrir þessar afurðir eða þangað til tollar á þeim eru afnumdir eða lækkaðir í Bandaríkjunum, svo líklegt sé, að hreinsun og herzla á sildarlýsi geti svarað kostnaði. Telur n., að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir þessu, en af framan-töldum ástæðum sé hins vegar eigi ástæða til að samþykkja tillögu þá, er fyrir liggur, og leggur til, að hún verði afgreidd með svo hljóðandi

#### **RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Í trausti þess, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir afnámi eða lækkun tolla á sildarlýsi, hertu og óhertu, í Bandaríkjunum, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. maí 1942.

Einar Árnason, form.	Árni Jónsson, fundaskr.	Finnur Jónsson, frsm.
Páll Zóphóniasson.	Jörundur Brynjólfsson. Eiríkur Einarsson.	Þorsteinn Briem.